



Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og skv. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

1. gr.

Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tólmundastarfsemi og mannúðarstörf, sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og sbr. heimild í 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005. Eingöngu er um að ræða styrki til greiðslu fasteignaskatts en ekki fasteignatengdra gjalda.

2. gr.

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) eru fasteignaeigendur í Pingeyjarsveit
- b) reka starfsemi sína í húsnæðinu með lögheimili í Pingeyjarsveit, sbr. 1. gr. reglna þessara, með þeim undantekningum sem greinir í 3. gr. reglna þessara
- c) starfsemin skal vera mannúðar-, góðgerðar-, menningar-, íþróttá-, og/eða æskulýðsstarfsemi sem er rekin í almannabágu eða í þágu æskulýðs
- d) um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginstefnu til að vera unnin í sjálfboðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannaheill og samfélagið
- e) starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins ef þær tekjur eru eingöngu nýttar til reksturs húsnæðisins, sbr. þó 3. gr. reglna þessara
- f) Starfsemin má ekki njóta samningsbundinna rekstrarstyrkja frá Pingeyjarsveit eða ígildi þeirra, þ.e. tryggja þarf að styrkur sé ekki tvígreiddur.

3. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema allt að álögðum fasteignaskatti.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 1. og 2. gr. jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra, og skal þá leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnæðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallslega sem því svarar.

Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrði reglnanna, í samræmi við eignarhluta þeirra.

4.gr.

Við gerð fjárhagsáætlana ár hvert skal áætla fjárhæðir sem varið verður til slíkra styrkveitinga samkvæmt ákvæðum þessara reglna og miðað við fyrirliggjandi gögn við gerð fjárhagsáætlunar. Styrkveitingar falla undir viðkomandi málaflokka.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að fela sviðstjóra fjármála- og stjórnslusviðs fullnaðarafgreiðslu mála skv. reglum þessum. Heimilt er sviðstjóra fjármála- og stjórnslusviðs að vísa álitamálum til byggðarráðs.

Aðila er heimilt að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

6. gr.

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu Þingeyjarsveitar og auglýstar sérstaklega í byrjun hvers árs þar sem umsóknarfrestur er tiltekinn. Umsóknarfrestur skal vera til og með 31. maí ár hvert.

7. gr.

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem má nálgast á heimasíðu Þingeyjarsveitar www.thingeyjarsveit.is.

Með umsókn um styrki skal fylgja ársreikningur sl. rekstrarárs, lög félagsins þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemina.

8. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar endurskoðar reglur þessar eigi síðar en í desember ár hvert.

Samþykkt á xxx fundi byggðarráðs þann xx
Samþykkt á xxx. fundi sveitarstjórnar þann xxx